



Reykjavík 27. júní 2016

TÚLKUN

Túlkun Fjármálaeftirlitsins á markaðsvirði fjármálagerninga við innlausn hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða er, samkvæmt 1. mgr. 28. og 5. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði sbr. og 1. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, markaðsvirði samanlagðra eigna verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs að frádregnum skuldum hans við innlausn. Í 2. mgr. 28. gr. og 64. gr. sömu laga er ráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur í reglugerð um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og mat á markaðsvirði eigna.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1166/2013 kemur fram að mat á eignum verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skuli á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1166/2013 kemur fram að fjármálagerningar í eigu verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skuli metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 1166/2013 að við daglegan útreikning og auglýsingu innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða skv. 29. gr. laga nr. 128/2011 skuli fjármálagerningur metinn á dagslokagengi sama dags. Sé dagslokagengi ekki fyrir hendi á útreikningsdegi innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina telur Fjármálaeftirlitið að túlka beri 2. mgr. 4. gr. reglugerðar 1166/2013 til samræmis við meginreglu 1. mgr. 28. gr. laga nr. 128/2011 og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar 1166/2013. Í framangreindri meginreglu felst að sé skráðu dagslokagengi ekki fyrir að fara á útreikningsdegi innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina skal rekstrarfélag meta hvort markaðsaðstæður hafi breyst í þá veru að síðasta skráða dagslokagengi endurspegli ekki raunverulegt virði fjármálagernings. Við slíkar aðstæður skal virði fjármálagernings fara skv. 5. gr. reglugerðar 1166/2013 og vera háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstrarfélag skal jafnframt halda skrá yfir mat slíkra eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur fyrir mati á eignunum.